



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um íbúakosningu í Reykjavík samhliða forsetakosningum 2016 - umsögn skrifstofu borgarstjórnar

Með bréfi dags. 8. mars sl. var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillögu fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem lögð var fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 22. febrúar sl.

Tillagan og greinargerðin eru svohljóðandi:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að leggja til við borgarstjórn að fram fari íbúakosning í Reykjavík samhliða forsetakosningum 2016.

Greinargerð: Löng hefð er fyrir því að sveitarfélög láti fara fram íbúakosningu samhliða forsetakosningum. Sjálfsagt er að nýta tækifærið og spyrja íbúa Reykjavíkur álits á nokkrum lykilmálum í komandi kosningum.

Umsögn skrifstofu borgarstjórnar:

Um framkvæmd forsetakosninga gilda lög um framboð og kjör forseta Íslands nr. 35/1945. Þar kemur m.a. fram að forsetakjör skal fara fram síðasta laugardag í júnímánuði fjórða hvert ár. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og Lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar. Í lögnum kemur einnig fram að framboðum til forsetakjörs er skilað til viðkomandi ráðuneytis, nú innanríkisráðuneytisins, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu kosningarbærir, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir ráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, og afgreiðir til hæstaréttar öll áður nefnd skjöl. Ráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga. Um kosningaathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um

kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Í lögum um kosningar til Alþingis kemur fram hlutverk sveitarstjórna í fjölmörgum ákvæðum en helsta hlutverk þeirra er að kjósa kjörstjórnir og ákvarða þóknanir til þeirra, gera og leiðrétta kjörskrá, ákveða kjörstaði og annast framkvæmd kosninganna á kjördag.

Í ljósi ofangreinds verður að telja ljóst að borgarstjórn getur ekki ákveðið einhliða að fram fari íbúakosning samhliða forsetakosningum enda eru um að ræða lögbundnar kosningar á ábyrgð og á kostnað ríkisvaldsins. Þar að auki gera önnur sjónarmið það að verkum að undirrituð getur ekki mælt með þessu fyrirkomulagi þar sem stórlega myndi draga úr öryggi við báðar kosningar og er ekki ásættanlegt að taka slíka áhættu þegar fram fer forsetakjör. Undirritaðri er reyndar ekki kunnugt um þá hefð að íbúakosningar fari fram samhliða forsetakosningum. Þau dæmi um íbúakosningar sem þekkt eru í seinni tíð hafa þar að auki farið fram í töluvert minni sveitarfélögum en Reykjavík.

Til að menn átti sig á stærð og umfangi kosninga í Reykjavík má benda á að í báðum Reykjavíkurkjördæmum eru ca. 90.000 manns á kjörskrá. Kosið er á 12-15 stöðum í rúmlega 80 kjördeildum. Á kjördag eru hátt í 500 manns að störfum við framkvæmd kosninganna, talningu og frágang. Þegar tvennar kosningar fara fram á sama tíma þarf að hafa tvöfalda kjörskrá og tvo kjörkassa inni í hvorri kjördeild en slíkt fyrirkomulag myndi tefja framkvæmd kosninganna töluvert. Talning þyrfti að fara fram á fjórum stöðum, tveimur í hvoru kjördæmi ef telja ætti á sama tíma. Það yrði töluverðum erfiðleikum háð að manna slíka framkvæmd með reynslumiklu fólki, en búast mætti við að það þyrfti að bæta a.m.k. á annað hundrað manns við starfslið á kjördag. Hér hafa einungis verið tíunduð helstu atriði sem draga úr skilvirkni og öryggi kosninganna en í ljósi alls ofangreinds mælir skrifstofa borgarstjórnar ekki með samþykkt tillögunnar og leggur til að henni verði vísað frá, m.a. með vísan til þess að umrædd ákvörðun er ekki einungis á verksviði borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar